



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ  
FJÁRLAGA- OG HAGSÝSLUSTOFNUN

DAGSETNING  
4. desember 1990

TILVÍSUN

Til: Menntamálanefndar neðri deildar Alþingis  
Frá: Fjármálaráðuneyti, fjárlaga- og hagsýslustofnun NK

*Alþingi*

*Erindi nr. P 1131/67  
komudagur 7/12 1990*

Efni: Frumvarp til laga um listamannalaun

Hjálagt sendist afrit af umsögn ráðuneytisins, dags. 9. apríl sl., um frumvarp til laga um listamannalaun. Umsögn þessi var gerð að beiðni menntamálaráðherra.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum telur ráðuneytið að kostnaðarauki ríkissjóðs geti numið 29-30 m.kr. fyrsta árið eftir samþykkt þess en við bætast síðan um 5 m.kr. á ári næstu fimm ár. Miðað er við áætlað meðalverðlag 1990.

Afrit: Fjármálaráðherra



Til: Menntamálaráðherra  
Frá: Fjármálaráðuneyti, fjárlaga- og hagsýslustofnun *NR*

# AFRIT

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um listamannalaun

Fjármálaráðuneyti, fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um listamannalaun.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að Alþingi veiti tilteknum listamönnum heiðurslaun. Auk þess er lagt til að almenn listamannalaun verði greidd úr fjórum sjóðum:

- a) Launasjóði rithöfunda
- b) Launasjóði myndlistamanna
- c) Tónskáldasjóði
- d) Listasjóði.

Frumvarpið felur í sér nokkra hækkun á framlagi úr ríkissjóði vegna launa listamanna. Í fjárlögum 1990 á fjárlagalið 02-980 *Listir, framlög* eru fjórir viðfangsefnaliðir sem væntanlega falla niður verði frumvarpið að lögum; *1.10 Listamannalaun* 8,1 m.kr., *1.11 Launasjóður rithöfunda* 23,1 m.kr., *1.12 Starfslaun listamanna* 20,8 m.kr. og *1.70 Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis* 12,2 m.kr. eða samtals að upphæð 64,3 m.kr.

Með samþykkt frumvarpsins telur ráðuneytið að kostnaðarauki ríkissjóðs geti numið allt að 29-30 m.kr. fyrsta árið en við bætast síðan um 5 m.kr. á ári næstu fimm ár.

Eftirfarandi er mat ráðuneytisins á skiptingu kostnaðar á einstaka liði samkvæmt ákvæðum frumvarpsins (launatengd gjöld eru meðtalin í mati ráðuneytisins):

Heiðurslaun listamanna (sbr. 2. gr.):

Gert er ráð fyrir að Alþingi veiti listamönnum, er náð hafa 65 ára aldri, heiðurslaun. Ef gert er ráð fyrir að 17 listamenn þiggi heiðurslaun, eins og nú er, hafa ákvæði þessarar greinar frumvarpsins í för með sér um 17,9 m.kr. framlag úr ríkissjóðs

Launasjóður rithöfunda (sbr. 7. gr.):

Sjóðurinn skal veita árlega starfslaun sem svara til 360 mánaðarlauna eða 31,5 m.kr. Við bætast 24 mánaðarlaun sem samsvara um 2,1 m.kr. á ári næstu fimm ár.

Launasjóður myndlistamanna (sbr. 8. gr.):

Sjóðurinn skal veita árlega starfslaun sem svara til 240 mánaðarlauna eða 21,0 m.kr. Við bætast 16 mánaðarlaun sem samsvara um 1,4 m.kr. á ári næstu fimm ár.

Tónskáldasjóður (sbr. 9. gr.):

Sjóðurinn veitir árlega starfslaun sem svara til 60 mánaðarlauna eða 5,3 m.kr. Við bætast 8 mánaðarlaun sem samsvara um 0,7 m.kr. á ári næstu fimm ár.

Listasjóður (sbr. 10. gr.):

Sjóðurinn veitir starfslaun og styrki er svara til 180 mánaðarlauna eða 15,8 m.kr. Við bætast 12 mánaðarlaun sem samsvara 1,1 m.kr. á ári næstu fimm ár. Auk þess má gera ráð fyrir 2-3 m.kr. á ári sem Listasjóður veitir í verkefnastyrki, rannsókn- og ferðastyrki o.fl.

# AFRIT

Stjórn listamannalauna og úthlutunarnefndir (sbr. 4. gr. og 13. gr.):

Ekki er gert ráð fyrir verulegum kostnaðarauka vegna ákvæða þessara greina þar eð undanfarið hafa nefndir á vegum menntamálaráðuneytis þegið þóknun fyrir úthlutun styrkja og launa til listamanna.

Afrit: Fjármálaráðherra